



ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2017

**ÁRSREIKNINGUR
LANDSPÍTALA 2017**

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	5
Áritun endurskoðenda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Landspítali
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2017

Landspítali (LSH) er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnáslögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Sjúkrahúsið er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þríþættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.073 að meðaltali á tímabilinu janúar til desember 2017.

Vegna verulegra breytinga á reikningsskilareglum við gildistöku ákvæða í nýjum lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, sem taka til reikningsskila ríkisaðila, tekur ársreikningurinn talsverðum breytingum frá ársreikningi 2016. Þessi reikningsskil fela m.a. í sér endurmat og eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, auk afskrifta þeirra, og færslu skuldbindinga, sem áður voru ekki færðar í efnahagsreikning. Nokkur óvissa er þó enn um þær reikningsskilaaðferðir, sem nota ber við reikningsskil á árinu 2017, þar sem lögbundnar reglugerðir og verklagsreglur hafa ekki verið gefnar formlega út. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu.

Á árinu 2017 var ársveltan um 68.113 m.kr. Tekjuafgangur var á árinu 2017 þar sem tekjur voru 62 m. kr. umfram rekstrargjöld og afskriftir. Vísast í rekstrarreikning og skýringar við greiningu á þessari afkomu ársins.

Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 725 m. kr. í árslok 2017. Megin skýring þeirrar neikvæðu stöðu er færsla launaskuldbindingar í lok árs 2016 á höfuðstól í stofnefnahagsreikningi í upphafi árs. Eignir spítalans nema 16.437 m. kr., en skuldir eru samtals 17.162 m. kr.

Í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 var eigið fé neikvætt að fjárhæð 5.933 m.kr. Meginskýring þeirrar neikvæðu stöðu var færsla orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar í lok árs 2016 á höfuðstól að fjárhæð 5.147 m.kr. Nú hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið hins vegar lýst því yfir að leitað verði heimildar Alþingis fyrir því, að ríkisaðilum verði bætt sú neikvæða staða sem uppfærsla þessarar skuldbindingar myndaði. Verður það gert við framlagningu og afgreiðslu frumvarps til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2017. Vegna þessa er mótfærsla leyfisskuldbindingarinnar í ársreikningi 2017 færð af höfuðstól og yfir á veltufjármuni, sem krafa á ríkissjóð. Fyrirvari er gerður hér vegna þessarar færslu og áhrifa hennar, þar sem samþykkt Alþingis liggur ekki fyrir.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2017 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu hans 31. desember 2017 í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og stjórnvaldsfyrirmæli.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2018.



Páll Matthíasson
forstjóri



María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til heilbrigðisráðherra og forstjóra Landspítala

Álit

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Landspítala fyrir árið 2017 var framkvæmd samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnenda eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðandi lætur ekki í ljós álit á meðfylgjandi ársreikning Landspítala þar sem þau atriði sem fjallað er um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits hér að neðan hafa verulega þýðingu fyrir reikningsskilin og valda óvissu þannig að ríkisendurskoðandi getur ekki lagt mat á ársreikninginn.

Ástæður fyrir áritun án álits

Ársreikningur Landspítalans er gerður á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) sem öðluðust gildi 1. janúar 2016 með þeirri undantekningu að ársreikningar ríkisaðila skulu í fyrsta sinn gerðir samkvæmt lögnum fyrir árið 2017.

Við gerð frumvarps að LOF kom fram að breytt reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs fela í sér margháttaðar og flóknar breytingar sem þarf að þróa á nokkrum árum. Gert var ráð fyrir að innleiðing nýrra reikningsskilareglna sem byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS) gæti tekið allt að þremur árum í samræmi við heimildir og ákvæði sem IPSAS gerir ráð fyrir.

Samkvæmt LOF skal ársreikningur Landspítalans, eins og annarra ríkisaðila í A-hluta, uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006. Þar sem ársreikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skal gerður á grundvelli IPSAS er mismunur á meðferð einstakra liða í ársreikningum einstakra ríkisaðila í A-hluta og ríkisreiknings fyrir A-hlutann í heild. Vegna óvissu um grundvöll reikningsskila A-hluta ríkissjóðs óskaði fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) með bréfi dagsettu 9. febrúar 2017 eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) að það beitti sér fyrir breytingu á lögum um ársreikninga þannig að í þeim yrði vísað til IPSAS svo hægt væri að nota þá reikningsskilastaðla við gerð ársreikninga fyrir A-hluta ríkisaðila. Með bréfi dagsettu 9. júní 2017 frá ANR til FJR var niðurstaða ANR sú að ráðuneytið taldi varhugavert að blanda saman reikningsskilareglum sem gilda um starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni og reikningsskilareglum sem taka til aðila í opinberum rekstri og lagðist því eindregið gegn breytingu á lögum um ársreikninga.

Með bréfi frá FJR til Fjársýslu ríkisins dagsettu 22. desember 2017 eru fyrirmæli frá ráðuneytinu um að við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla fyrir A-hluta ríkissjóðs skuli fylgja ákvæðum og heimildum IPSAS bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstaka ríkisaðila í A-hluta. Í þeim tilvikum sem koma upp álitafni og frávik á milli ársreikningalaga og alþjóðlegra staðla skuli litið til IPSAS. Í bréfinu kemur jafnframt fram að til að eyða óvissu og auka skýrleika muni ráðuneytið beita sér fyrir viðeigandi breytingum á LOF. Frumvarp til staðfestingar fyrirmælum og áformum ráðuneytisins liggur ekki fyrir.

Ríkisendurskoðandi telur að óvissa sé um eftirfarandi reikningshaldsforsendur í ársreikningi Landspítala fyrir árið 2017;

- Að færa til skuldar í efnahagsreikningi mótfærslu við eignfærða varanlegra rekstrarfjármuni að fjárhæð 5.968 m.kr., hvort sem fjármuna er aflað með fjárveitingu frá ríkissjóði eða þeir fengnir að gjöf, sbr. skýringar nr. 2 a), 2 e), 2 f) og nr. 12 í ársreikningi spítalans.
- Að færa til tekna á móti afskriftum í rekstrarreikningi 680 m.kr. sem er tiltekið hlutfall af áður skuldfærðri fjárveitingu og gjöfum, sbr. skýringu nr. 2 a), 2 e), 2 f) og nr. 16 í ársreikningi spítalans.
- Að færa í efnahagsreikningi 5.147 m.kr. kröfu á ríkissjóð vegna orlofs- og frítímaskuldbindingar á grundvelli væntinga um samþykki Alþingis, sbr. skýringar nr. 2 g) og 11 í ársreikningi spítalans.
- Að færa sem kröfu á ríkissjóð 1.228 m.kr. vegna ónotaðra fjárheimilda en ákvörðun fjármálaráðherra um heimild til yfirfærslu ónotaðra fjárheimilda til næsta árs liggur ekki fyrir, sbr. skýringu nr. 32 í ársreikningi spítalans.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum


Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins


Ábyrgð ríkisendurskoðanda felst í framkvæmd endurskoðunar á ársreikningi Landspítalans í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og að gefa út áritun á ársreikninginn. Vegna óvissu um lagagrundvöll og reikningshaldsforsendur sem nánar er fjallað um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits getur ríkisendurskoðandi ekki gefið álit á ársreikningnum.

Ríkisendurskoðandi er óháður Landspítalanum í samræmi við lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, 26. apríl 2018



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Tekjur			
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	11, 25, 32	56.127.075	50.120.070
Fjárfestingaframlag, tekjufært	2, 16, 32	79.390	2.505.769
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna	2, 16	679.595	
Tekjufært ríkisframlag samtals		56.886.060	52.625.839
Þjónustutekjur	15	4.417.239	4.124.191
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	2, 16	6.196	303.645
Aðrar tekjur	17	3.908.817	3.691.410
S-merkt lyf og blöndunargjöld, sala til SÍ	18	2.894.847	2.941.190
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	18	(2.728.787)	(2.788.886)
Rekstrartekjur samtals		8.498.312	8.271.551
Tekjur samtals		65.384.371	60.897.390
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	19	48.414.967	43.552.358
Vörunotkun	20	9.045.362	9.308.086
Sérstakt viðhald fasteigna	2	1.062.335	
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	21	4.534.041	4.176.447
Annar rekstrarkostnaður	22	1.525.488	1.515.679
		64.582.193	58.552.570
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna keyptir fyrir 31.12.2016	23	699.065	
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna keyptir 2017	23	85.862	
Fjárfesting í tækjabúnaði			1.446.023
Annar stofnkostnaður og endurbætur			1.059.746
Gjöld samtals		65.367.120	61.058.341
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		17.252	(160.951)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	24	44.923	75.921
Tekjuafgangur/(Tekjuhalli)	11, 14	62.173	(85.030)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	01.01.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Tækjabúnaður	2, 23	5.946.149	5.114.728
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	2, 26	2.500	2.500
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	8, 27	821.102	761.980
Skammtímakröfur	9, 28, 29	2.137.558	1.722.551
Ríkissjóður	32	1.228.408	818.967
Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar	2,11	5.146.598	
Eignaverk vegna fasteigna	2, 30	738.755	
Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu	2, 30	398.891	379.721
Handbært fé	10	17.263	24.350
Veltufjármunir		10.488.575	3.707.569
Eignir samtals		16.437.225	8.824.797
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		111.875	111.875
Endurmats- og breytingareikningur	2	(898.696)	(6.045.294)
Tekjuafgangur		62.173	
Eigið fé samtals, neikvætt	11	(724.648)	(5.933.419)
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldbindandi samningar á móti eignfærslu	12, 31	113.986	148.395
Næsta árs afborgun		(38.597)	(34.845)
Frestað framlag v. eldri varanlegra rekstrarfjármuna	2, 32	4.435.133	5.114.728
Fyrirframminnheimt fjárfestingaframlag	2, 12, 32	1.306.575	
Fyrirframminheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	2, 16	225.909	
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2018		(869.080)	(699.064)
Langtímaskuldir		5.173.927	4.529.214
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	13, 33	3.641.339	3.224.326
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	11, 34	5.567.146	5.146.598
Fjárfestingaframlag v. eignaverka	2	709.397	
Ógr. laun og launatengd gjöld	35	1.162.387	1.124.170
Næsta árs afborgun samninga		38.597	34.845
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2018		869.080	699.064
Skammtímaskuldir		11.987.946	10.229.003
Skuldir samtals		17.161.873	14.758.217
Eigið fé og skuldir samtals		16.437.225	8.824.797
Eignir utan efnahagsreiknings	38		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	39		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2017

	Skýr.		2017	2016
Rekstrarhreyfingar				
Veltufé frá rekstri:				
Tekjuafgangur, (tekjuhalli).....			62.173	(85.029)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:				
Tekjufært fjárfestingaframlag og gjafir og styrkir.....	2, 16	(85.586)	
Framlag vegna eldri fjárfestinga.....	2	(699.064)	
Gjaldfærð fjárfesting samtals umfram ríkisframlag og styrki.....				179.879
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....			784.927	
Gengisbreyting langtímaskulda og aðrar breytingar.....			3.387	
Veltufé frá rekstri			<u>65.838</u>	<u>94.850</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, (hækkun).....	27	(59.122)	(10.873)
Skammtímakröfur, (hækkun).....	9, 28	(415.007)	(194.770)
Fyrirframgreiddur kostnaður, (hækkun).....	30	(19.170)	(288.946)
Viðskiptaskuldir, hækkun.....	13, 33		417.013	286.824
Ógr. laun og launatengd gjöld.....	32		38.217	
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur.....	2, 34		420.548	
			<u>382.479</u>	<u>(207.765)</u>
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:	32			
Framlag ríkissjóðs.....		(58.902.032)	(52.625.839)
Greitt úr ríkissjóði.....			58.492.591	52.916.132
			<u>(409.441)</u>	<u>290.293</u>
Handbært fé frá rekstri			<u>38.876</u>	<u>177.378</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting.....	2, 23	(1.620.417)	(2.505.769)
Söluverð tækjabúnaðar.....			1.755	
			<u>(1.618.662)</u>	<u>(2.505.769)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Afborgun samninga	12, 31	(36.828)	(3.571)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	2		232.105	
Fjárfestingaframlag ársins	2		1.377.422	
Gjafir og styrkir til fjárfestinga í tækjum og öðrum stofnkostn. .				303.645
Framlag til stofnkostnaðar og endurbóta á fjárlögum				2.022.246
			<u>1.572.698</u>	<u>2.322.320</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(7.088)	(6.071)
Handbært fé í ársbyrjun			<u>24.350</u>	<u>30.421</u>
Handbært fé í lok árs			<u>17.263</u>	<u>24.350</u>

Skýringar

Grundvöllur reikningskila og reikningsskilaaðferðir

1. Lög og reglur:

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun. Ársreikningur spítalans fyrir 2017 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, auk framkominna stjórnvaldsfyrirmæla. Verulegar breytingar eru gerðar á reikningsskilaaðferðum miðað við fyrri ár í nýjum lögum um opinber fjármál, sbr. skýringu nr. 2.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf þann 20. febrúar 2018 út minnisblað um *Ýmsar breytingar á fjárveitingum og reikningsskilum með lögum um opinber fjármál*. Ársreikningur Landspítala 2017 er gerður í samræmi við reglur og leiðbeiningar, sem þar koma fram.

2. Reikningsskilaaðferðir og breytingar á þeim:

Reikningsskilaaðferðir byggja á ákvæðum laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og á alþjóðlegum reikningsskilastaðli fyrir opinbera aðila, IPSAS. Þar sem reglur staðalsins og ársreikningalaga fara ekki saman gilda reglur reikningsskilastaðalsins.

Stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017, með breyttum reikningsskilaaðferðum frá efnahagsreikningi í lok árs 2016, hefur verið gerður og lagður fram.

Reikningsskil Landspítala skulu vera á rekstrargrunni. Samanburðarfjárhæðum úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi 2016 er ekki breytt í þessum reikningsskilum til samræmis við nýjar reikningsskilaaðferðir. Samanburðarfjárhæðir í efnahagsreikningi eru úr stofnefnahagsreikningi. Helstu breytingar á reikningsskilaaðferðum að því er reikningsskil ársins 2017 varðar, og frávik frá reikningsskilum fyrri ára, eru eftirfarandi:

a) Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, einkum í tækjabúnaði, er eignfærð í efnahagsreikningi á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða og afskrifuð á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016, eru endurmetnir og færðir til eignar við upphaflegu kostnaðarverði, afskrifað frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

b) Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar hjá honum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi 2017, enda fjárheimildir tekjufærðar á móti. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið utan fastafjármuna og sá kostnaður vegna verkanna færður meðal veltufjármuna. Hann er nefndur þar "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti er meðal skammtímaskulda bókað „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala á árinu 2017 og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

c) Óefnislegar eignir, sem aflað hefur verið 2016 eða fyrr, eru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar.

d) Fyrirframgreiddur kostnaður er færður til eignar ef líklegt er talið að sá ávinningur sem felst í þeirri eign muni leiða til aukins verðmætis fastafjármuna Landspítala í framtíðinni.

Skýringar

e) Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í rekstrarreikningi á fjárveitingarári. Framlagið er fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum yfir tíma.

f) Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur, sbr. e-lið hér að framan. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

g) Skuldbinding spítalans vegna orlofs- og annarra áunninna fjarvistaréttinda starfsmanna í lok árs 2017 er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda. Áður var skuldbindingin ekki bókuð til skuldar, en gjaldfærsla átti sér stað síðar við úttekt frítímaréttarins. Orlofsskuldbindingin í ársbyrjun 2017 var bókuð yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi en þeirri færslu breytt á árinu 2017 samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. umfjöllun í skýrslu stjórnenda og skýringu 11. Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt. Reiknuð skuldbinding vegna námsleyfa er tilgreind í skýringu utan efnahagsreiknings.

h) Skuldbindandi samningar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum, sem áður voru utan efnahagsreiknings, eru færðir í reikningsskilin enda eignfærsla á móti. Stofnanir eiga þó almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

i) Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í stofnefnahagsreikningi 31. desember 2017 og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum. Sjá um skuldbindingar utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 37.

3. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

4. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt. Meginstarfsemi spítalans fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Einstakir þættir í rekstri spítalans falla þó undir lögbundin virðisaukaskattsskil eða varða endurgreiðslu virðisaukaskatts.

5. Skráning tekna:

Rekstrartekjur spítalans eru bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáraukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins. Sjá ákvæði um fjárfestingaframlag í skýringu 2 e) hér að framan.

6. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok reikningstímabils eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

7. Áhættufjármunir:

Hlutfjáreign Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. er færð í efnahagsreikninginn við nafnverði, án endurmats. Hlutir í 10 sprotafyrirtækjum eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi, enda er ekkert kostnaðarverð fyrir hendi. Eignarhlutar eru í öllum tilvikum undir 10% og áhrif á stjórnun félaganna afar takmörkuð. Hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutanna í reikningsskilin kemur því ekki til álita. Sjá nánar í skýringu nr. 26.

Skýringar

8. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

9. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi viðskiptakröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

10. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

11. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 724,7 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2017 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2017	(5.933.419)
Færsla orlofs og frítímaskuldbindingar 1. janúar á veltufjármuni		5.146.598
Tekjuhalli án ríkisframlag	(56.823.887)
Ríkisframlag ársins		56.886.060
	Tekjuafgangur ársins	<u>62.173</u>
		<u>62.173</u>
	Neikvætt eigið fé 31. desember 2017	<u>(724.648)</u>

Færsla orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi að fjárhæð 5.147 m.kr. er bakfærð skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Sjá nánar umfjöllun í skýrslu stjórnenda.

12. Langtímaskuldir:

Skuldbindandi samningar til langs tíma eru færðir á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við. Jafnframt er fyrirframinnheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirframinnheimtar gjafir og styrkir færðar meðal langtímaskulda, sbr. skýringar 2 a), e) og f). Þessar fyrirframinnheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

13. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

Sundurliðanir og skýringar

14. Starfsþáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2017 skiptist hann í 12 aðskildar rekstrareiningar, sem ýmist eru klínísk svið eða stoðsvið. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í megindráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2017. Þessir starfsþættir og afkoma þeirra er sem hér segir:

	2017	2016
Stoðsvið án rekstrarsviðs og apóteks	42.598	60.616
Rekstrarsvið án þvottahúss	(34.501)	25.835
Klínísk svið án heilbrigðis- og upplýsingatækni	(1.495.375)	(154.768)
Apótek	(7.615)	(21.490)
Þvottahús	(29.198)	(13.134)
Heilbrigðis- og upplýsingatækni	(5.516)	(6.358)
Utan sviða, óreglulegir liðir	1.546.858	(51.652)
Fjármagnsliðir	44.923	75.921
Rekstrarafkoma samtals	62.173	(85.030)

Undir liðnum Utan sviða eru síðbúnar fjárveitingar til spítalans og tekjur af öðrum fjárlagaliðum, sem ekki var reiknað með í áætlun. Hinar síðbúnu fjárveitingar vegna ársins 2017 komu fyrst fram á árinu 2018.

15. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2016 um 7,1%.

Rannsóknir.....	1.683.838	1.659.637
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	982.042	903.353
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	895.173	712.886
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	549.252	592.981
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	306.935	255.334
Samtals	4.417.239	4.124.191

16. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga:

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekinnar búnaðar. Sjá skýringu nr. 2 f) um tekjufærslu gjafa og styrkja í rekstrarreikningi og bókun sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi. Á árinu 2017 voru innkomnar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 232 m.kr.

Skýringar

17. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður lækkar um 217,4 m. kr. á milli ára.

	2017	2016
Selt fæði.....	244.458	250.795
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	110.560	189.869
Seld þjónusta.....	1.468.089	1.069.467
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	72.401	71.717
Vörusala.....	1.596.897	1.744.384
Leigutekjur.....	160.039	98.795
Sérstakt viðhald fasteigna.....	1.616	
Aðrar tekjur.....	254.758	266.383
Samtals	3.908.817	3.691.410

18. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar.....	2.811.775	2.912.151
S-merkt lyf, blöndunargjöld og afgreiðslugjald.....	83.072	29.039
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(2.728.787)	(2.788.886)
Samtals	166.060	152.305

19. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 11,2% frá fyrra ári. Stærsta breytingin stafar af fjölgun ársverka á milli ára og vegna gjaldfærslu breytinga á áunnum orlofsréttindum, sem nú eru bókuð undir öðrum launum.

Dagvinnulaun.....	26.802.466	24.547.104
Yfirvinna.....	5.598.236	5.015.560
Álagsgreiðslur.....	5.244.793	4.818.776
Önnur laun.....	1.894.554	1.048.227
Launatengd gjöld.....	8.874.918	8.122.691
Samtals	48.414.967	43.552.358

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.073 að meðaltali á árinu 2017, en þau voru til samanburðar 3.954 á árinu 2016. Á árinu 2017 voru 5.305 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 5.136 á árinu 2016. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

20. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkun lækkar um 2,8% á milli ára. Í skýringu nr. 27 má sjá vörubirgðir 31. desember 2017 og 2016.

Skýringar

	2017	2016
Lækninga- og hjúkrunarvörur	3.755.200	3.742.318
Lyf	2.818.693	3.055.127
Rannsóknvörur.....	802.242	864.334
	<u>7.376.135</u>	<u>7.661.779</u>
Matvæli.....	765.335	770.172
Orkugjafir.....	412.839	381.631
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	199.708	195.817
Byggingavörur.....	88.030	69.972
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	203.316	228.717
	<u>1.669.226</u>	<u>1.646.309</u>
Samtals	<u>9.045.362</u>	<u>9.308.086</u>

21. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 4.534,0 m. kr. á árinu 2017. Þessi liður hækkar um 8,6% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup.

Sérfræðiþjónusta.....	1.521.723	1.339.728
Verkkaup.....	1.302.466	1.153.259
Leigu- og afnotagjöld.....	437.323	419.657
Ferðir, fundir, risna o.fl.	370.809	410.540
Aðkeyptur akstur.....	581.437	534.736
Flutningaþjónusta.....	138.712	142.689
Annað.....	181.571	175.837
Samtals	<u>4.534.041</u>	<u>4.176.447</u>

22. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum minniháttar búnaði og tækjum. Fasteinagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrareikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala. Kostnaðurinn hækkar um 9,8 m. kr. milli ára.

Opinber gjöld og tryggingar.....	506.199	473.162
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	81.009	32.734
Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	877.848	827.273
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	60.432	182.511
Samtals	<u>1.525.488</u>	<u>1.515.679</u>

Skýringar

23. Yfirlit um varanlega rekstrarfjármuni, fjárfestingu og afskriftir:

	Lækninga- tæki	Tölvur og hugbúnaður	Bifreiðar og farartæki	Annað lausafé	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1. janúar 2017.....	5.441.808	275.356	49.228	783.910	6.550.303
Fjárfesting 2017.....	1.327.376	172.096	4.773	116.172	1.620.417
Sala/úrelding 2017, kostnaður færður út.....	(10.135)	0	(3.639)	0	(13.774)
Staða 1. janúar 2017.....	<u>6.759.049</u>	<u>447.452</u>	<u>50.363</u>	<u>900.082</u>	<u>8.156.946</u>
Afskriftir					
Afskrift fyrir 1. janúar 2017.....	1.170.468	124.118	11.106	129.884	1.435.575
Afskrifað 2017, eignir keyptar 2016 og fyrir	550.417	48.007	5.818	94.823	699.065
Afskrifað 2017, eignir keyptar 2017.....	56.839	23.315	201	5.508	85.862
	<u>607.256</u>	<u>71.322</u>	<u>6.019</u>	<u>100.331</u>	<u>784.927</u>
Afskriftir seldra/úreldra eigna, færðar út.....	(7.494)	0	(2.211)	0	(9.705)
Staða 1. janúar 2017.....	<u>1.770.229</u>	<u>195.439</u>	<u>14.913</u>	<u>230.215</u>	<u>2.210.797</u>
Bókfært verð 31. desember 2017.....	<u>4.988.819</u>	<u>252.013</u>	<u>35.450</u>	<u>669.867</u>	<u>5.946.149</u>

Afskriftir taka mið af áætluðum notkunartíma ofangreindra varanlegra rekstrarfjármuna. Afskriftahlutföll eru sem hér segir:

Lækninga- tæki	Tölvur og hugbúnaður	Bifreiðar og farartæki	Annað lausafé
10%-12,5%	10%-20%	10%-12,5%	0%-20%

24. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok tímabilsins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 29. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

	2017	2016
Vaxtatekjur.....	18.938	40.234
Gengismunur.....	38.247	51.218
Vaxtagjöld.....	(12.262)	(15.531)
Samtals	<u>44.923</u>	<u>75.921</u>

25. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2017 voru Landspítala ætlaðar 56.580,9 m. kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir tímabilsins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Skýringar

	Fjárlög ársins 2017	Fjár- heimildir	Árs- reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(44.963.700)	(48.077.823)	(48.414.967)	(337.144)
Önnur rekstrargjöld.....	(16.029.800)	(18.997.563)	(16.167.226)	2.830.337
Rekstrartekjur.....	4.413.400	10.974.254	8.498.312	(2.475.942)
				<u>17.251</u>
Rekstrarniðurstaða				
Afskriftir.....		(784.927)	(784.927)	0
Fjárfestingaframlag.....		79.389	79.389	0
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna		679.595	679.595	0
Styrkir og gjafir til fjárfestinga.....		6.196	6.196	0
Vextir og gengismunur.....		0	44.923	44.923
		<u>(56.580.100)</u>	<u>(56.120.879)</u>	<u>62.173</u>
			(56.058.706)	

26. Hlutfjáreign:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6% af heild. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 10 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 344 þús. kr. í árslok 2017 og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-8,1% af heild. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun á árinu 2017 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi. Á árinu 2018 hefur komið fram kauptilboð í eitt sprotafyrirtækjanna, Oculis ehf. Eignarhlutur LSH í því félagi er að nafnverði 57 þús. kr. (2,4%). Ekki er búið að taka afstöðu til tilboðsins.

27. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 7,8% milli árana 2017 og 2016. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eftir niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Matið og niðurfærslan er mismunandi eftir lagerum.

	Varúðar niðurfærsla birgða 31.12.2017	Birgðaverð- mæti eftir niðurfærslu 31.12.2017	Birgðaverð mæti eftir niðurfærslu 31.12.2016
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	15.217	257.355	240.605
Lyf.....	11.555	247.223	210.052
Rannsókn- og röntgenvörur.....	20.507	238.237	231.024
Rekstrarvörur.....	4.006	60.722	66.369
Matvæli.....	1.424	17.565	13.930
	<u>Samtals 52.709</u>	<u>821.102</u>	<u>761.980</u>

28. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur, þ.m.t. viðskiptakröfur, eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta.

Skýringar

	2017	2016
Viðskiptakröfur:		
Heilbrigðisstofnanir.....	194.552	186.289
Sjúkratryggingar Íslands.....	738.866	661.330
Einstaklingar.....	474.699	424.753
Erlendar kröfur.....	373.776	264.518
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	410.627	229.923
Viðskiptakröfur samtals	2.192.521	1.766.813
Aðrar skammtímakröfur:		
Aðrar kröfur.....	122.038	118.563
Kröfur samtals	2.314.559	1.885.376
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(177.001)	(162.825)
	2.137.558	1.722.551

29. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

Niðurfærslureikningur 1. janúar 2017	162.825
Bein afskrift tapaðra krafna 2017	(84.272)
Framlag í niðurfærslureikning 2017	98.448
Niðurfærslureikningur 31. desember 2017	<u>177.001</u>

30. Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu:

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða.

Fyrirframgreiddir kostnaðarliðir og verk í vinnslu í lok desember sundurgreinast sem hér segir:

	31.12.2017	01.01.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður	208.990	153.361
Verk í vinnslu	189.901	226.360
Samtals	398.891	379.721

31. Skuldbindandi samningar í efnahagsreikningi:

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum í lok desember eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Í ársreikningi 2017 eru slíkir samningar flokkaðir sem langtímaskuld þar sem samningsskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 37. Hreyfingar og staða samninga undir langtímaskuldum er sem hér segir:

Skýringar

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2017	01.01.2017	31.12.2017	01.01.2017
Greiðslur á næsta reikningsári	44.327	43.087	42.303	41.339
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	82.280	125.741	71.683	107.056
	<u>126.607</u>	<u>168.828</u>	<u>113.986</u>	<u>148.395</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(12.621)	(20.433)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>113.986</u>	<u>148.395</u>		

32. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Ógreiddur launakostnaður 31. desember er nú tilgreindur sér undir liðnum ógreidd laun og launatengd gjöld í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 35. Áður var þessi skuldastaða færð yfir viðskiptareikning ríkissjóðs. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikninginn. Í lok ársins nam inneign spítalans hjá ríkissjóði tæpum 1.228 m. kr. og er þá krafa spítalans vegna orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar ekki meðtalin. Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2017	818.967
Framlag til rekstrar	56.206.465
Fjárfestingaframlag	1.468.209
Útistandandi fjárfestingaframlag í árslok	(161.634)
Framlag vegna eignaverka	709.397
Framlag til afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna	679.595
Móttæknar greiðslur	(58.492.591)
Staða 31. desember 2017	<u>1.228.408</u>

33. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

34. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	31.12.2017	01.01.2017
Sumarorlof.....	3.824.731	3.550.888
Hvildartímafrí.....	1.141.472	1.090.367
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	600.943	505.343
	<u>5.567.146</u>	<u>5.146.598</u>

35. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreidd laun án kjarasamningsbreytinga	33.500	258.778
Ógreidd laun vegna kjarasamningsbreytinga	124.498	81.094
Ógreidd laun vegna síðarihluta desember mánaðar	1.004.389	784.297
	<u>1.162.387</u>	<u>1.124.169</u>

Skýringar

36. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2013-2017. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2013-2017, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2017	2016	2015	2014	2013
Rekstur					
Tekjur.....	8.498	8.272	6.632	4.876	4.615
Gjöld.....	(64.537)	(58.477)	(52.233)	(46.861)	(43.557)
Afskriftir/ Stofnkostnaður og endurbætur.....	(785)	(2.506)	(2.414)	(2.318)	(1.737)
Gjöld umfram tekjur	(56.824)	(52.711)	(48.016)	(44.303)	(40.678)
Ríkisframlag samtals.....	56.886	52.626	48.071	43.554	39.194
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins	62	(85)	56	(749)	(1.484)
Efnahagur					
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	5.946				
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	10.489	3.708	2.400	2.187	2.302
Eignir samtals	16.437	3.710	2.403	2.189	2.305
Höfuðstóll.....	(725)	112	(2.722)	(2.788)	(4.252)
Langtímaskuldir.....	5.174	30	34	38	41
Skammtímaskuldir.....	11.988	3.568	5.091	4.930	6.516
Eigið fé og skuldir samtals	16.437	3.710	2.403	2.189	2.305

37. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sér sjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárfstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sér sjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 61 sjóður. Þeirra á meðal má nefna Visindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sér sjóðum eru samtals 43 og innstæða í árslok 2017 nemur samtals 515,7 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2017 er 204. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 28,2 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2017 um 671,9 m. kr.

38. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok árs 2017.

Skýringar

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	13.019.192	19.472.147
Fossvogur.....	5.644.900	9.374.199
Landakot.....	1.591.450	2.481.091
Kópavogur.....	1.942.600	1.943.565
Kleppur.....	1.567.419	1.775.876
Vífilsstaðir.....	1.027.545	1.334.755
Grensás.....	859.300	1.336.084
Tunguháls.....	560.850	627.752
Sumarhús starfsmanna.....	289.223	330.273
Aðrar eignir.....	2.626.600	2.891.079
Samtals	29.129.079	41.566.821

39. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Námsleyfi lækna

Í lok desembers 2017 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbókaðra námsleyfa lækna samtals 605,6 m. kr.

Samningar

Sjúkrahúsið gerði á fyrri árum marga samninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum. Þeir samningar voru margir hverjir skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í skýringu nr. 31, um langtímaskuldir, er gerð grein fyrir þeim skuldbindingum á núvirði, sem nú eru færðar í efnahagsreikninginn. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit um aðra samninga.

	Skuldbinding 31.12.2017	Til greiðslu		
		2018	2019	2020
Tölvubúnaður.....	49.417	17.400	17.400	17.400
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	138.027	70.095	70.095	65.896
Samtals vegna tækja	187.444	87.495	87.495	83.296
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	753.985	280.393	280.393	280.393
Samtals	941.429	367.888	367.888	363.689

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 579,3 m. kr. í lok árs 2017. Sjá nánar í skýringu 2 i).

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

